

SHALDOR
skoðun 12



SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt



Ekta
sumar-
lesning
NÝ
KILJA
1.
Sæti
METSÖLULISTI
EYMUNDSSON
www.forlagid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur

14. júní 2011
136. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10
ÁRA
2001 - 2011
BEST LESNA
DAGBLAÐ Í ÍSLANDI*

*Samkvæmt heimild: Síðunum Genesent Cellum árið mars 2011



Vinnur með Nilla
Gísli Örn Garðarsson leikur
í stuttmynd netstjórunnar
Nilla.

fólk 26

Guðinn sem brást

Nú geisar orrustan um
söguna. Hvernig hrúnið skal
túlkað, skrifar Guðmundur
Andri Thorsson.

umræða 13



Verða að ná í stig í dag
Íslenska U21 landsliðið
spilar annan leikinn sinn á
EM þegar liðið mætir Sviss.

sport 22

veðrið í dag



LÉTTIR TIL í dag verður hæg
N-læg átt en hvassara á NV-landi.
Einhver væta NA-lands og á Vest-
fjörðum í dag. Von á skúrum SV-
lands seinni partinn.

VEÐUR 4

Pakkningar minnka en verð helst óbreytt

Víða erlendis hafa framleiðendur neytendavöru mætt hækkandi hráefnisverði með því að minnka vöruna en halda verði óbreyttu. Neytendasamtökin hvetja íslenska neytendur til að vera á varðbergi og fylgjast vel með magneiningaverði.

NEYTENDUR Framleiðendur ýmiss konar neytendavöru á alþjóðamarkaði hafa undanfarin misseri tekið á það ráð að minnka innihald neytendapakkinga en halda verði óbreyttu. Þetta kemur fram í frétt breska ríkisútvarpsins BBC, en fjölmargar vörur af þessu tagi eru fluttar inn hingað til lands og hafa því bein áhrif á íslenska neytendur.

Til dæmis nefnir BBC að sápu-
stykki hafi minnkað sem og sæl-
gætisstykki. Þannig hafi súkkul-
aðistykki frá Cadbury's minnkað
um 20 grömm og Toblerone hafi
minnkað um einn þrihyrning.

Fyrirtækin bera við stórhækkun
hráefnisverði á heimsmörkuðum
og þetta sé eina leiðin til að forð-
ast hækkunir, en neytendafromuðir
segja þetta fela í sér hækkun og sé
villandi fyrir almenning.

Puríður Hjartardóttir, fram-
kvæmdastjóri Neytendasamtaka-
anna, segir í samtali við Fréttab-
laðið að þótt þess háttar mál hafi
ekki komið inn á borð samtakanna
nýlega, sé ástæða til þess að brýna
fyrir neytendum að fylgjast með
magneiningaverði.

„Þegar fólk er að bera saman
verð almennt, skiptir máli að bera

saman verð í samræmi við magn,
til dæmis lítraverð eða kílóverð
frekar en stykkjaverð.“

Finnur Geirsson, forstjóri sæl-
gætisgerðarinnar Nóa Siríus, segir
svona nokkuð ekki hafa viðgengist
há sínu fyrirtæki þó vissulega hafi
hráefni hækkað í verði. Framleið-
endur erlendis séu eflaust að bregð-
ast við þeirri þróun.

„Við höfum verið að samræma
okkar pakkningastærðir, en það
hefur verið til að auka hagkvæmni í
framleiðslu, en ekki verið í þeim til-
gangi að hækka útsöluverð miðað
við magn.“ - þj



HARALDUR FREYR GÍSLASON Polla-
pönkarinn er orðinn formaður Félags
leikskólakennara.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nýr formaður leikskólakennara:

Sakaður um Gnarrisma

FÓLK „Ég þurfti að vinna á móti
ákveðnu hugtaki sem nú er orðið
þekkt í samfélaginu og kallast
Gnarrisma. Það fannst mér mjög
óréttlátt því ekkert sem ég sagði
eða gerði í kosningabaráttunni var
tengt því sem hann gerði,“ segir
Haraldur Freyr Gíslason Polla-
pönkari og nýkjörinn formaður
Félags leikskólakennara, um við-
brögð við framboði sínu.

Haraldur tekur starfið með
trompi og nú fer fram atkvæða-
greiðsla um boðun verkfalls lei-
skólakennara sem kemur til fram-
kvæmda 22. ágúst. „Ég fyrirgerði
ekki rétti mínum til að berjast
fyrir bættum kjörum, þótt ég hafi
ákveðið að mennta mig í þessu
fagi,“ segir Haraldur.

- fsb / sjá síðu 14



ÁNÆGÐUR MEÐ FENGINN Mikill fjöldi fólks reyndi fyrir sér í veiði við Reynisvatn í gær og fram á kvöld. Þrátt fyrir góðar aðstæður voru ekki allir eins heppnir og Tindur Ingólfsson, sjö ára veiðimaður, sem fékk þennan myndarlega þriggja punda regnbogasilung.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Norðaustanátt veldur kulda á Norður- og Norðausturlandi næstu daga:

Verður hlýjast á Suðvesturlandi

VEÐUR Veðurspár gera ráð fyrir
talsvert hlýrra veðri á Suðvestur-
landi á næstu dögum en annars
staðar á landinu. Hiti gæti farið
niður í þrjár gráður á Austur- og
Norðurlandi í vikunni.

„Það er gert ráð fyrir því að það
sé meira eða minna norðaustanátt,
svo sem ekkert mjög kalt loft,
en meðan það blæs af svölu haf-

inu fyrir norðan þá verður aldrei
neitt verulega hlýtt,“ segir Einar
Sveinbjörnsson veðurfræðingur.
Hann segir þó ekkert í umhverf-
inu benda til þess að hret sé yfir-
vofandi, þó líkur séu á að norðaust-
anáttin ríki fram að helgi.

„Þessi norðaustanátt er fremur
óhagstæð að sumarlagi. Bæði er
svalt loft oft vætusamt og sólar-

lítið.“ Þetta eigi sérstaklega við á
Norður- og Norðausturlandi. Þar
sé hitinn í ökkla eða eyra á þess-
um tíma sumars. Ef vindur sé af
landi og loft að sunnan sé miklu
hlýrra. „Hins vegar er þetta hag-
stæð vindátt á höfuðborgarsvæð-
inu, sem gefur bæði að það verði
léttskýjað og sól og ágætis hiti.“

- þeb

MJÓLKURVÖRUR
Í SÉRFLOKKI

Biomjólkur
með jónsbeyrjum

Skemmtilegur ferðafélagi

Tarkett viðarparket

Verðdæmi:
Eik 3ja stafa kr. 3.990 m²

ALFABORG
Skútuvoði 6 - Sími 568 6755

SPJALDTÖLVUR
og aukahlutir í úrvali

USB bílhleðslutæki

Inbyggt 3G og GPS

Erum á móti Ikea í gallery Art2b

2b.is 030303

Kaupþún 3 - Garðabær - S.5 800 800 - www.2b.is



Stefán, er farið að glitta í gullpottinn við enda regnbogans?

„Ja, það er nú ekki allt gull sem glóir.“

Stefán Konráðsson er framkvæmdastjóri Íslenskrar getspár sem stendur í samningum um þátttöku í sam-evrópsku risalottói þar sem potturinn gæti hlaupið á milljóðum króna.



HARPA Vengerov og Pires munu stíga á svið í Eldborg í júlí. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Heimsviðburður í Hörpu:

Vengerov og Pires í Eldborg

MENNING Fiðluleikarinn heimsfrægi Maxim Vengerov og píanóleikarinn Joao Pires munu koma fram saman á tónleikum í Hörpu þann 8. júlí næstkomandi ásamt St. Christopher hljómsveitinni frá Vilnius.

„Þetta verður að teljast mikill viðburður því þarna leiða saman hesta sína einhverjir tveir virtustu tónlistarmenn samtímans,“ segir Steinunn Birna Ragnarsdóttir, tónlistarstjóri Hörpu. Hún segir þetta vera menningarviðburð á heims-mælikvarða og búast megi við því að nokkur fjöldi útlendinga komi hingað til lands gagnert til að fara á tónleikana. - mþl

Ókufantur tekinn í tvígang:

Ók undir áhrifum fíkniefna

LÖGREGLUMÁL Karlmaður á þrítugsaldri var í tvígang tekinn undir stýri nokkrum klukkutímum síðar. Lögreglunni tókst aftur að stöðva för hans um Kópavoginn þar sem hann reyndi svo að flýja af vettfangi á hlaupum. Það tókst ekki og maðurinn því handtekinn í annað sinn á nokkrum klukkutímum og í þetta skiptið með fíkniefni í förum sínum. - ap

Íbúar Mýrdalshrepps ósáttir við lokun Dyrhólaeyjar á meðan á varpi stendur:

Allt í háalofti vegna lokunar Dyrhólaeyjar

NÁTTÚRA Íbúar í Mýrdalshreppi hafa síðustu daga ítrekað tekið niður og fjarlæggt hlið og keðjur sem Umhverfisstofnun hefur komið fyrir við Dyrhólaey til að vernda fuglalíf meðan á varpi stendur. Í fyrradag var starfsmanni stofnunarinnar meinað að koma enn einu sinni fyrir keðjum á svæðinu og honum hrint þegar hann reyndi að sinna starfi sínu.

„Dyrhólaey er friðlýst svæði og Umhverfisstofnun er heimilt að loka svæðinu frá 1. maí til 25. júní ár hvert til að vernda fuglalíf meðan á varpi stendur. Margir íbúar á svæð-

inu hafa hins vegar andmælt þessum lokunum,“ segir Ólafur Arnar Jónsson, deildarstjóri hjá Umhverfisstofnun.

Ólafur segir stofnunina á hverju ári fá fuglafræðing til að meta aðstæður í Dyrhóley og veita ráðleggingar um hvort lokun sé nauðsynleg. Í ár hafi verið afráðið að loka svæðinu frá 5. maí en síðan hafi átt að opna hluta svæðisins, Háey, í dag. Lágey yrði hins vegar áfram lokað til 25. júní.

„Við höfum viljað reyna að ná sátt og ætlað okkur að koma á fót nefnd þar sem helstu hagsmunaaðil-



DYRHÓLAEY Legið hefur við handalög-málum vegna tímabundinna lokana á Dyrhóley á meðan á varpi fugla stendur.

ar kæmu að og gætu rætt þessi mál. Þessi læti undanfarna daga hafa hins vegar sett þau áform í uppnám og málið er í raun í algjörrri óvissu

núna,“ segir Ólafur og bætir við að Umhverfisstofnun hyggist kæra þá aðila sem hafi ítrekað tekið niður lokanirnar og farið inn á svæðið.

Sveitarstjóri Mýrdalshrepps sendi frá sér fréttatilkynningu um málið á sunnudag þar sem íbúar á svæðinu eru sagðir ósáttir við lokun svæðisins. „Íbúar í Mýrdalshreppi sem í dag hafa verulegan hluta tekna sinna af ferðaþjónustu eru því skiljanlega mjög ósáttir við að sjö æðarkollur eigi að geta komið í veg fyrir að ferðamenn fái að njóta þessarar einstöku náttúruverlu,“ segir í tilkynningunni. - mþl

Enn flýja þúsundir ofbeldið í Sýrlandi

Hermenn hafa náð borginni Jisr al-Shughour í norðurhluta Sýrlands á sitt vald og þúsundir hafa flúið þaðan yfir landamærin til Tyrklands. Utanríkisráðherra Bretlands vill að öryggisráð SP taki skýra afstöðu og fordæmi ofbeldið.

SÝRLAND Rúmlega sex þúsund Sýrlendingar hafa flúið yfir til Tyrklands síðustu sólarhringa eftir að sýrlenski herinn náði völdum í borginni Jisr al-Shughour. Fólkið hefst við í flóttamannabúðum sem eru óðum að fyllast.

Herlið fór inn í borgina snemma á sunnudagsmorgun að sögn sjónarvotta, en þar sem erlendir fjölmiðlar fá ekki að koma til Sýrlands er erfitt að staðfesta fréttir. Þyrlur sást sveima yfir borginni og skriðdrekar keyrðu inn í hana, en að sögn mannréttindasamtaka var sprengjum einnig varpað. Hershöfðingjar hafa neitað því. Þá hafa fjölmiðlar í landinu sagt að tveir vopnaðir meðlimir í hryðjuverkasamtökum hafi verið drepnir, en jafnframt hafi einn hermaður látist og fjórir slasast. Talið er að hersveitir muni næst gera innrás í bæinn Maarat al-Numan, í nágrenni Jisr al-Shughour.

Fjöldi fólks hefst enn við á mörkum landanna tveggja í norðri og býr sig undir að fara yfir til Tyrklands ef hersveitir nálgast svæðið meira. Þó hafa yfir sex þúsund manns flúið yfir landamærin á síðustu dögum og skráð sig hjá tyrkneskum yfirvöldum. Breska ríkisútvarpið segir að fimm þúsund til viðbótar séu komnir yfir landamærin en hafi ekki skráð sig formlega. Rauði hálfmáninn hefur sett upp nokkrar flóttamannabúðir við landamærin, sem eru nú fullar eða að fyllast. Því er verið að koma upp fjórðu búðunum nú.

Jisr al-Shughour er um 20 kílómetra frá landamærunum og aðeins um fimmtíu þúsund manns búa þar. Flestir flóttamennirnir



FLÓTTAMANNABÚÐIR Flóttafólk frá Sýrlandi fyrir utan búðir sem settar hafa verið upp í Boynuyogun í grennd við landamærin. Áfram streymir flóttafólk yfir til Tyrklands. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Frægur bloggari var plat

Bandarískur maður sem stundar nám við háskólann í Edinborg hefur viðurkennt að hafa skrifað bloggið „hinsegin stelpa í Damaskus,“ sem hefur verið mjög vinsælt um allan heim undanfarna mánuði. Bloggið var skrifað undir nafninu Amina Arraf, sem samkvæmt því var samkynd ung kona í Sýrlandi. Í síðustu viku var greint frá því á síðunni að Amina hefði verið handtekin vegna skrifa sinna og tengsla við mótmæli í landinu. Hafin var undirskriftasöfnun á netinu og þess krafist að Aminu yrði sleppt. Efasemdir höfðu þó vaknað um tilvist hennar og böndin fóru að beinast að Tom MacMaster, sem viðurkenndi á sunnudag að hafa búið persónuna og bloggið til. Hann baðst afsökunar en hefur verið harðlega gagnrýndur fyrir athæfið.

koma þaðan eða annars staðar úr Idlib-héraði.

William Hague, utanríkisráðherra Bretlands, fordæmdi ofbeldisverk stjórnsvalda í Sýrlandi í yfirlýsingu á sunnudag. Hann kallaði einnig eftir því að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna tæki skýra afstöðu í málinu. Það gæti þó reynst erfitt þar sem stjórnsvald í Líbanon, sem á sæti

í ráðinu, eru nánir bandamenn stjórnsvalda í Sýrlandi.

Stjórnsvald í Sýrlandi segja að fimm hundruð meðlimir öryggis-sveita hafi látist síðan mótmæli gegn forseta landsins, Bashar Assad, hófust um miðjan mars. Mannréttindasamtök segja að 1400 Sýrlendingar hafi verið drepnir og yfir tíu þúsund handteknir á sama tíma. thorunn@frettabladid.is

Ólafur Gaukur er látinn

Ólafur Gaukur Þórhallsson, gítarleikari og tónlistarmaður, lést í gærmorgun áttæruð að aldri.

Ólafur fæddist í Reykjavík 11. ágúst 1930 og lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri árið 1949.

Ólafur hóf ungur að aldri að spila með mörgum af vinsælustu hljómsveitum landsins, meðal annars KK-sextett og stýrði svo eigin hljómsveit um árabíl. Þá rak Ólafur gítarskóla Ólafs Gauks frá árinu 1975 til dauðadags.

Eftirlifandi eiginkona Ólafs er Svanhildur Jakobsdóttir, söngkona og dagskrárgerðarmaður.



Þýskir ráðherrar í Líbíu:

Þjóðarráðið hið rétta yfirvald

LÍBÍA, AP Ríkisstjórn Þýskalands viðurkenndi í gær líbísku byltingarráðið sem yfirvald í Líbíu.

Guido Westerwelle, utanríkisráðherra Þýskalands, fundaði í gær með leiðtogum uppreisnarmannanna í Benghazi. Hann sagði að Líbía án Gaddafís væri sam-eiginlegt markmið og að byltingarráðið væri lögmætur fulltrúi líbísku þjóðarinnar. Westerwelle varði einnig þá ákvörðun Þjóðverja að taka ekki þátt í aðgerðum Nató í landinu. - þeb

SAMGÖNGUR

Herjólfur bilaði

Nokkur fjöldi fólks var fastur í Vestmannaeyjum í gær vegna bilunar í annarri aðalvél Herjólf. Unnið var að viðgerðum á skipinu í gærkvöldi og í nótt. Búist var við því að siglingar hæfust aftur samkvæmt áætlun í dag.

Íbúi við Laxagötu á Akureyri telur bæjaryfirvöld fara offari í vinnubúðarmáli:

Segir bæinn hótta íbúunum niðurrifi

SKIPULAGSMÁL Sif Sigurðardóttir á Laxagötu 10 á Akureyri segir bæjaryfirvöld fara með rangt mál og hótta íbúum í svari sínu við athugasemdum þeirra vegna fyrirhugaðrar heimildar til handar ÁTVR að byggja við vinnubúð sína á Gránufélagsgötu.

Íbúar í nágrenninu telja að verðmæti eigna þeirra muni minnka ef viðbyggingin verður reist. Í opnu bréfi til bæjarstjórnarinnar vitnar Sif til umsagnar sem skipulagsnefnd Akureyrar samþykkti. „Verðmæti eignanna ætti að aukast við breytinguna þar sem núgildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir algerrri uppstokkun og niðurrifi reitsins,“ segir í umsögninni.

„Þarna er verið að vísa í gamalt deiliskipulag sem löngu er búið að fella úr gildi og þykir mér vera dulin hótun í garð okkar eigenda, að sættast við þessa tillögu annars eignum við hættu á að húsin okkar verði rifin,“ skrifar Sif. Sjálf situr hún í félagsmálaráði Akureyrar fyrir Bæjarlistann sem er í minnihluta í bæjarstjórn.

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu samþykkti skipulagsnefndin breytingu á deiliskipulagi sem gerir ÁTVR fært að reisa viðbygginguna á



SIF SIGURÐARÐÓTTIR Nágranni vinnubúðarinnar á Gránufélagsgötu á Akureyri segir fyrirhugaða viðbyggingu á baklóðinni munu skerða útsýni og taka birtu frá næstu íbúðarhúsum auk alls þess ónáðis sem aukin umsvif muni valda.

MYND/HÓLMFRÍÐUR BRYNJA HEIMISDÓTTIR

baklóð vinnubúðarinnar. Bæjarstjórnin frestaði hins vegar afgreiðslu málsins að tillögu bæjarfulltrúa Bæjarlistans sem áður hafði samþykkt breytinguna í skipulagsnefndinni. - gar

HÓPKAUP.IS Í DAG

FLOTT VEIÐISTÖNG FRÁ VESTURRÖST

11.990 kr.

Verð ~~18.990 kr.~~

GILDIR Í 24 TÍMA

Verð	Afsláttur	Afsláttur í kr.
18.990 kr.	37%	7.000 kr.

Airflo fluguveiðisett með 4ja parta Carbon flugustöng, Graphite fluguhjól og fleiru. Tilvalin veiðistöng fyrir byrjendur eða sem aukastöng fyrir lengra komna.

HÓPKAUP

í krafti fjöldans

hópkaup.is



Óboðið nýtt líf

Ekkert **okkar** þekkir morgundaginn. Enginn á hann vísan. Á augabragði getum við staðið frammi fyrir nýjum veruleika, gjörbreyttum fjárhagslegum forsendum og breyttu lífsmynstri í lengri eða skemmri tíma.

Við getum sjaldnast fyrirbyggt slys eða alvarleg veikindi. Við getum hins vegar verið viðbúin slíkum áföllum og oft komið í veg fyrir að þau reynist okkur rothögg. Sjúkdóma- og starfsörorkutryggingar OKKAR eru hornsteinn í slíkum undirbúningi. Þær geta skipt sköpum ef við þurfum að brúa bil vegna tekjuskerðingar, breyta um húsnæði, skipta um bíl eða mæta öðrum óvæntum útgjöldum. Þær geta líka verið kærkomið haldreipi ef við viljum í ljósi nýrra aðstæðna söðla um, leggjast í ferðalög, hefja langt og kostnaðarfrekt nám eða fjárfesta í leiðum til að láta nýja drauma rætast.

Látum þéttriðið öryggisnet vandaðra persónutrygginga minnka áhyggjur **okkar** af hinu óþekkta og auðvelda okkur sóknarfærin ef þáttaskil verða á lífsleiðinni.

OKKAR líftryggingar hf. • Sóltúni 26 • 105 Reykjavík • Sími 540 1400 • www.okkar.is

okkar 
líf - alla ævi

OKKAR líftryggingar hf. er elsta líftryggingafélagið á Íslandi og rekur sögu sína aftur til ársins 1966. Félagið stendur traustum fjárhagslegum fótum og viðskiptavinir þess skipta tugum þúsunda.

GENGIÐ 10.06.2011

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	114,43	114,97
Sterlingspund	186,28	187,18
Evra	165,35	166,27
Dönsk króna	22,168	22,298
Norsk króna	21,048	21,172
Sænsk króna	18,201	18,307
Japanskt jen	1,4283	1,4367

SDR 183,35 184,45

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

220,6298

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



MÓTMÆLI Æfingar hersins koma í kjölfar almennra mótmæla gegn meintum yfirgangi Kínverja á yfirráðasvæði Víetnama.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Æfingar Víetnama á Kínahafi: Kínverjar ósáttir við heræfingar

VIETNAM, AP Aukinn stíðleiki gæti hlaupið í samskipti Kína og Víetnams eftir að síðarnefnda ríkið stóð fyrir heræfingum á umdeildu hafsvæði í Suður-Kínahafi í gær. Með æfingunum vöktu Víetnamar athygli á meintum brotum Kínverja á svæðinu.

Þeir eru sakaðir um skemmdarverk í sambandi við olíuleit Víetnama á svæðinu. Kínversk stjórnvöld hafa ekki tjáð sig um málið, en í blaðagrein kínverska kommúnistaflokksins er minnt á þúsund ára yfirráð Kína yfir Víetnam og þeir síðarnefndu beðnir að lesa sögubækurnar á ný.

- þj

Stal öllu sem hönd á festi: Í fangelsi og svipt ökuleyfi

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest tveggja ára fangelsisdóm yfir rúmlega fertugri konu. Hún var einnig svipt ökuretti í tvö og hálf tveggja ára.

Konan var sakfelld fyrir fjölmörg brot. Hún stal fjármunum, skartgripum, snyrtivörum, áfengi og matvælum úr verslunum. Hún sveik jafnframt út vörur og þjónustu með stolnu greiðslukorti.

Konan játaði brot sín fyrir dómi og var það virt henni til refsímdunar.

- jss

4

Rannsóknarnefnd um sáttafund presta með Sigrúnu Pálinu í Hallgrímskirkju:

Orð gegn orði um yfirlýsinguna

ÞJÓÐKIRKJAN Rannsóknarnefnd kirkjubings telur sig ekki geta skorið úr um það sem fram fór á fundi Sigrúnar Pálinu Ingvarsdóttur með þeim Karli Sigurbjörnssyni, núverandi biskupi, og Hjálmar Jónssyni, núverandi dómkirkjupresti, í Hallgrímskirkju þann 3. mars 1996 sökum þess að orð stóð þar gegn orði.

Þegar ásakanirnar gegn Ólafi biskupi komust aftur í hámaili á síðasta ári var mikið fjallað um þennan fund og sáttafyrirspá sem átti þar að undirrita.

Bar Sigrún Pálinu, að eftir að

samkomulag hefði tekist um orðalag yfirlýsingar, hefði Karl prentað textann út, en þá hefði vantað setningu inn í, þar sem Sigrún Pálinu sagðist standa við sína frásögn af samskiptunum við Ólaf biskup.

Því hafi fundinum lokið án þess að nokkur yfirlýsing væri undirrituð.

Karl og Hjálmar þver-

ENGIN VITNI Karli, Hjálmar og Sigrúnu Pálinu ber ekki saman um hvað fram fór á fundinum í Hallgrímskirkju.

tóku fyrir slíkt í svörum sínum til rannsóknarnefndarinnar. Þar sem engin vitni eru um framvinduna nema þau sem eiga aðkomu að málinu, segist nefndin ekki hafa forsendur til að fjalla frekar um þessa hlið málsins. Það var þó niðurstaða nefndarinnar að þátttaka Karls í þessari sáttafyrirspá hafi verið mistök af hans hálfu, sökum fyrri aðkomu hans að málinu. - þj



Baldur játar vanhæfi sitt í biskups málinu

Séra Baldur Kristjánsson segist hafa verið vanhæfur í meðferð Prestafélagsins á biskups málinu. Iðrast að hafa ekki sagt sig úr stjórn Prestafélagsins. Trúði frásögnum kvennanna. Vonast eftir hreinskilnu uppgjöri á kirkjubingi í dag.

ÞJÓÐKIRKJAN Baldur Kristjánsson, sóknarprestur í Ölfusi, tekur undir gagnrýni rannsóknarnefndar kirkjubings á gerðir hans, sem koma fram í skýrslunni um biskups málið. Þá segist hann sjá eftir að hafa ekki sjálfur haft samband við konurnar sem sökuðu biskup um kynferðisbrot.

Í skýrslunni er meðal annars gerð athugasemd við þá ákvörðun Baldurs að sitja stjórnarfundum Prestafélags Íslands þegar ræddar voru ásakanir um kynferðisbrot Ólafs Skúlasonar biskups, en Baldur var þá biskupsritari.

Þar segir að „í ljósi trúnaðarsambands síns við biskup“ sé þess ekki að vænta að hann hafi getað litið óhlutdrægt á málið.

Í yfirlýsingu frá Baldri í gær, gengst hann við mistökunum.

„Þetta er alveg hárrétt athugasemd“, segir Baldur þar og játar að hafa verið vanhæfur til að fjalla um málefni yfirmanns síns.

„Ég hefði auðvitað átt að segja mig frá þessu strax. [...] Þegar ég lít til baka yfir þetta tímabil sé ég eftir að hafa verið þarna og iðrast þess að hafa ekki einfaldlega sagt mig úr stjórn Prestafélagsins. Þarna var ég, í febrúar og mars 1996, einfaldlega of nálægur málinu og of háður biskupi og lögfræðingum hans.“

Í samtali við Fréttablaðið segir Baldur að hann hafi fljótlega áttað



UPPGJÖR Á KIRKJUBINGI Kirkjubing kemur saman í Grensáskirkju í dag þar sem þessi mynd var tekin árið 2008. Á þinginu verður niðurstaða rannsóknarnefndar um meint kynferðisbrot Ólafs Skúlasonar til umfjöllunar.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Baldur bætir því við að hann hafi sagt sig frá kirkjubingi, sem hefst í dag, og segist telja að viðbrögð þess við skýrslunni verði trúverðugri eftir því sem færri þátttakendur í atburðunum, sem skýrslan tekur til, taki þar þátt.

Þess má geta að Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, sem er í skýrslunni sagður hafa gert mistök í starfi, á sæti á kirkjubingi og mun væntanlega tjá sig þar um niðurstöðu skýrslunnar.

Í niðurlagi yfirlýsingarinnar ítrekar Baldur afsökunarbeiðni til kvennanna þriggja, sem sökuðu Ólaf biskup um kynferðisbrot á sínum tíma.

Í samtali við Fréttablaðið segir Baldur að hann hafi fljótlega áttað

sig á vanhæfi sínu, sem og því að ásakanir kvennanna gegn biskupi gætu átt við rök að styðjast.

Hann bætir við, aðspurður, að hann vonist til að þátttaka hans í stjórnarstjórn Prestafélagsins hafi ekki breytt gangi mála.

En telur Baldur að hann hafi getað hagað sínum verkum á annan hátt en úr varð?

„Ég sé eftir því að hafa ekki sjálfur haft samband við konurnar og kynnt mér þeirra mál betur, heldur látið mér nægja umsagnir annarra.“

Baldur segist að lokum ætla að bíða niðurstöðu kirkjubings áður en hann tjáir sig frekar, en vonast til að þar fari fram hreinskilni uppgjör.

thorgils@frettabladid.is

Þingkosningar í Tyrklandi:

Sigur dugði ekki til breytinga

TYRKLAND, AP Flokkur Recep Tayyips Erdogan, forsætisráðherra Tyrklands, sigraði í þingkosningum í landinu í gær. Flokkurinn bætti við sig fylgi og heldur völdum þriðja kjörtímabilið í röð.

Eitt helsta kosningaloforð flokksins var um breytingar á stjórnskrá. Til að ná þeim fram þarf Erdogan stuðning annarra flokka þar sem hann vantar fjögur þingsæti upp á þau 330 sem þarf til að koma breytingartillögum beint í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þá jók hreyfing Kúrda fylgi sitt. - þeb

Milljarðar í bólusetningar:

Mun bjarga milljónum lífa

BRETLAND Hægt verður að bjarga meira en fjórum milljónum mannlífa á næstu fjórum árum með auknum fjárframlögum til bólusetninga.

Tilkynnt var á ráðstefnu í Bretlandi í gær að 4,3 milljörðum Bandaríkjadala, tæplega fimm hundruð milljörðum íslenskra króna, verði varið í bólusetningar gegn sjúkdómum eins og lungnabólgu og niðurgangi á næstu árum.

Bretar ætla að eyða 1,3 milljarði í verkefnið og Bill Gates milljarði. Noregur, Bandaríkin, Ástralía og fleiri Evrópulönd hafa lofað framlögum. Gates sagði í gær að í fyrsta skipti í sögunni myndu börn í þróunarríkjum fá sömu bólusetningar gegn þessum sjúkdómum og börn í ríkari löndum. - þeb

Skipulögð áráð netþrjóta:

Vefur spænsku lögreglunnar hakkaður

SPÁNN Vefur spænsku ríkislögreglunnar lá niðri í klukkutíma eftir áráð tölvuhakkarahópsins Anonymous. Áráð netþrjótanna kom í beinu framhaldi af handtöku þriggja manna sem taldir eru vera höfuðþrjóta hópsins.

Yfirvöld á Spáni vilja ekki staðfesta að hópurinn Anonymous sé á bak við árásina en hópurinn sjálfur hefur hins vegar gefið út yfirlýsingu þess efnis. Miklu efni var hlaðið niður á vefsíðuna sem gerði það að verkum að hún kíknaði undir álaginu.

Í yfirlýsingu frá tölvuhakkarahópnum segir að árásin hafi verið fríðsamleg mótmæli en hópurinn hefur áður gert árásir á vefsíður tyrkneskra yfirvalda til að mótmæla ritskoðun á netinu. - áþ

Hagstæð kaup

25 sneiðar

20% afsláttur af Samlokuosti í sneiðum í sérmerktum umbúðum í næstu verslun.

TILBOÐ 20% AFSLÁTTUR REIKNAST VIÐ KASSA

VEÐURSPÁ

SNJÓLAUG ÓLAFSDÓTTIR veðurfréttamaður

STUTT VINNUVIKA Fremur hægur vindur um mest allt land næstu daga en 8-13 m/s NV-lands. Hiti 4-13 stig í dag og á morgun en ætti að þokast örlítið upp á við á fimmtudag. Rigning eða súld á köflum víða, helst NA-til

Á MORGUN Fremur hægur vindur en hvassara NV-lands

FIMMTUDAGUR Fremur hægur vindur en hvassara NV-lands

HEIMURINN

Alicante	26°
Basel	23°
Berlín	24°
Billund	18°
Frankfurt	23°
Friedrichshafen	21°
Gautaborg	19°
Kaupmannahöfn	19°
Las Palmas	23°
London	21°
Mallorca	27°
New York	20°
Orlando	36°
Ósló	17°
París	23°
San Francisco	19°
Stokkholmur	18°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

FJÖLSTILLANLEG HEILSURÚM
NY SENDING!

HÁGÆÐA FJÖLSTILLANLEGU HEILSURÚMIN FRÁ ERGOMOTION Á ÓTRÚLEGU TILBOÐI!

EKKI MISSA AF ÞESSU
EINSTAKA TÆKIFÆRI Á
AÐ EIGNAST RÚM FRÁ
ERGOMOTION

ERGOMOTION 100 LÍNAN

- Ergomotion er einn öflugasti og sterkasti stillanlegi botninn sem er fánlegur í dag.
- Botninn er inndragnanlegur á sleða svo hægt er að nýta ljósið á náttborðinu.
- Lyftigetan er gífurleg þar sem í botninum eru tveir mótorar. Einn fyrir höfuðgaff og annar fyrir fótgaff.
- Öll tannhjól og líðamót eru úr hágæða næloni svo ekkert ískur og óþarfi að smyrja.
- Hjóðlátt og öflugt.
- 3 mm. tvíhert stálgrind undir öllum botninum.
- 20 ára ábyrgð á mótör og grind.
- Einföld og þægileg fjarstýring.

ERGOMOTION 400 LÍNAN

- Ergomotion er einn öflugasti og sterkasti stillanlegi botninn sem er fánlegur í dag.
- Botninn er inndragnanlegur á sleða svo hægt er að nýta ljósið á náttborðinu.
- Lyftigetan er gífurleg þar sem í botninum eru tveir mótorar. Einn fyrir höfuðgaff og annar fyrir fótgaff.
- Öll tannhjól og líðamót eru úr hágæða næloni svo ekkert ískur og óþarfi að smyrja.
- Hjóðlátt og öflugt.
- 3 mm. tvíhert stálgrind undir öllum botninum.
- 400 línan er með öflugri nuddi, þremur mismunandi hraðastillingum og tímarofa.
- 20 ára ábyrgð á mótör og grind.
- Þráðlaus fjarstýring með útvarpssemi svo ekki þarf að beina fjarstýringunni á móttakara.
- Rúmið fær niður í flata stöðu með einum takka.
- Þyngdarleysisstakinn (Zero G) færir rúmið í þyngdarleysisstöðu. Njóttu þægindanna og upplifðu tilfinninguna. Stadan hjálpar blóðrásinni og minnkar pressu á mjóðak og axlir.



HJÓNARÚM MEÐ ÞRÝSTIJÖFNUNARDÝNU (2X 90X200 cm.)

Ergomotion 100 - Fullt verð 514.800 kr.
TILBOÐSVERÐ 386.100 kr.

Ergomotion 400 - Fullt verð 641.801 kr.
TILBOÐSVERÐ 481.351 kr.

= 25% AFSLÁTTUR!

ATH! VIÐ EIGUM FLEIRI STÆRÐIR AF ERGOMOTION HEILSURÚMUM OG FLEIRI TEGUNDIR AF HEILSUDÝNUM FYRIR ÞAU.

rekkjan

KJÖRKASSINN



Finnst þér að biskup Íslands eigi að segja af sér eftir niðurstöður rannsóknarnefndar kirkjubings?

JÁ 74,6%
NEI 25,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Horfir þú á leiki íslenska U-21 árs landsliðsins í knattspyrnu?

Segðu þína skoðun á vísiris.

visir



ÁFALL Pólitísk staða Silvio Berlusconi veiktist enn með ógildingu laga í þjóðar- atkvæðagreiðslu um helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kjósendur felldu lög á Ítalíu:

Enn eitt áfallið fyrir Berlusconi

ÍTALÍA, AP Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, beið enn einn pólitískan ósigur þegar í ljós kom í gær að ítalska þjóðin hafði hafnað þremur lagasetningum hans í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þrjú mál voru lögð í dóm kjósenda; endurreisn kjarnorkunýtingar, einkavæðing vatnsréttinda og löggjöf sem hefði hlíft Berlusconi frekar gegn lögsóknum.

Þegar stór hluti atkvæða hafði verið talinn í gær var ljóst að lögunum hafði verið hafnað og í ljósi taps stjórnarflokksins í sveitarstjórnarkosningum á dögunum þykir ljóst að staða Berlusconi veiktist sífellt.

- þj

Skógareldar í Arizona:

Íbúum leyft að snúa aftur heim

BANDARÍKIN Barátta yfirvalda við skógareldana skæðu í Arizona heldur áfram en íbúum bæjanna Springerville og Eager var leyft að snúa aftur til síns heima í fyrradag.

Yfirvöld vara þó við lélegum loftgæðum, menguðu drykkjarvatni og menguðum mat á svæðinu. Þeim íbúum sem eiga við heilsuvandamál að stríða er ráðlagt að fara ekki heim að svo stöddu. Skógareldarnir kviknuðu 29. maí. Enginn hefur látist en sjö hafa slasast. Alls hafa 29 heimili orðið eldinum að bráð.

- áþ

Ný skýrsla frá rannsóknarmiðstöðinni Rannsóknir og greining við Háskólann í Reykjavík:

Framhaldsskólanemar sífellt heilbrigðari

RANNSÓKN Íslenskir framhaldsskólanemar hreyfa sig meira en áður og verja meiri tíma með foreldrum sínum. Þá hefur bóklestur hópsins dregist verulega saman á skömmum tíma. Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýrri skýrslu um hegðun og viðhorf yngri framhaldsskólanema sem Rannsóknir og greining við Háskólann í Reykjavík hefur unnið.

„Þarna koma aðallega fram frekar jákvæðir hlutir. Þar má nefna fleiri samverustundir með foreldrum, meiri þátttaka í íþróttum og tólmstundum og fleira,“ segir

Jón Sigfússon, framkvæmdastjóri Rannsóknna og greiningar.

Þá segir Jón það vekja athygli hve mjög bóklestur hefur minnkað. Hann telur það þó frekar vera til marks um breytingar á tækni en nokkuð annað. „Við höfum spurt um lestur bóka og dagblaða í mörg herrans ár en það vantar kannski núna að taka tillit til lestrar á vefnum og í nýjum raftækjum eins og iPad. Lestur hefur sennilega færst töluvert til slíkra miðla,“ segir Jón.

Í skýrslunni kemur fram að um 18 prósent stúlkna stundi enga líkamsrækt en árið 2004 var hlutfall-



NEMAR Ungmennliða lifa heilbrigðara lífi nú en áður.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

íð 27 prósent. Þá stundar þriðjungur stúlkna oftast en fjórum sinnum í viku líkamsrækt og tæpur helmingur stráka.

Rétt tæplega 30 prósent ung-

menna sögðust ekki lesa neinar bækur árið 2007 en nú er sú tala komin í 40 prósent. Þá hefur dagblaðalestur dregist enn meira saman.

Meðal annarra athyglisverðra tíðinda úr skýrslunni má nefna að traust á lögreglunni hefur aukist til muna en traust á Alþingi hefur minnkað. Þá borða framhaldsskólanemar meira af ávöxtum og drekka minna af gosdrykkjum. Loks verja stúlkur töluvert meiri tíma í heimanám en strákar. Bæði kyn verja þó meiri tíma í heimanám en árið 2004.

- mþl

Minni pottur, lægri skattur

Minna frumvarpið um breytingar á fiskveiðistjórnuninni varð að lögum á laugardag. Gengið er skemmra í hækun veiðileyfagjalds og færslu veiðiheimilda í pott sem ráðherra úthlutar úr en í upphaflegu frumvarpi.

FRÉTTASKÝRING

Hvernig breyttist litla kvótafrumvarpið í meðferð þingsins?

Tillögur ríkisstjórnarinnar um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu voru lagðar fram á þingi í tveimur frumvörpum sem hafa verið kölluð litla og stóra frumvarpið. Í stóra frumvarpinu eru lagðar til afar umfangsmiklar breytingar á stjórn fiskveiða en frumvarpið var ekki afgreitt fyrir þinglok. Umræðu um það verður því væntanlega fram haldið í haust.

Litla frumvarpið, sem varð að lögum á laugardag, er mun minna í sniðum en hið stóra og raunar fellur það úr gildi ef og þegar stóra frumvarpið verður að lögum. Þrátt fyrir það hefur mikill styr staðið um það í þinginu og víðar. Svo mikill að á lokastigum þingsins var því breytt nokkuð til að um það gæti skapast meiri sátt.

Litla frumvarpið tónað niður

Veigamestu breytingarnar sem gerðar eru með litla frumvarpinu eru tvær. Í fyrsta lagi eru sjávarútvegsráðherra á hverju fiskveiðiári falin í kringum 4.500 þorskígildistonn til ráðstöfunar að vild til að mæta áföllum vegna verulegra breytinga á magni kvóta eða með byggðasjóarmið að leiðarljósi. Í upphaflegum frumvarpsdrögum stóð til að ráðherra hefði til ráðstöfunar 13.000 tonn þegar allt var talið. Þessi kvótapottur ráðherra hefur hins vegar mætt einna harðastri gagnrýni meðan á meðferð frumvarpsins hefur staðið.

Í öðru lagi er veiðigjald hækkað úr 9,5 prósentum af framlegð útgerðarinnar í 13,3 prósent. Rétt eins og í tilfelli kvótapottsins hefur umfang breytinganna verið minnkað frá upphaflegu frumvarpi en þar var gert ráð fyrir 16,2 prósentum af framlegð. Þá var fallið frá ákvæði

sem hefði falið í sér að 15 prósent veiðigjaldsins rynnðu til sveitarfélaga en upp höfðu komið efasemdir um að ákvæðið stæðist stjórnarskrá.

Veiðigjaldið rennur eftir sem áður í ríkissjóð en það er í raun umframskattlagning sem útgerðin sætir til að koma til móts við sjónarmið um að þjóðin njóti hluta af auðlindaarði sjávarútvegarins.

Stóra frumvarpið róttækara

Stóra frumvarpið gengur, eins og áður sagði, mun lengra í breytingum á fiskveiðistjórnunarkerfinu en það litla. Raunar er ekki orðum aukið að segja að þar séu lagðar til grundvallarbreytingar á núverandi kerfi.


Í fyrstu grein frumvarpsins er tekið fram að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu þjóðareign sem óheimilt sé að selja eða láta varanlega af hendi. Ráðherra er hins vegar heimilað að veita einstaklingum eða lögáðilum tímabundinn afnotarétt gegn gjaldi án þess að eignaréttur eða óafturkallanlegt forræði myndist yfir veiðiheimildunum.

Aflaheimildum er skipt í tvo flokka samkvæmt frumvarpinu. Annars vegar samningsbundin nýtingarleyfi á þeim og hins vegar afla sem úthlutað er án samninga úr fimm „pottum“. Samningsbundnu nýtingarleyfin verða veitt núverandi eigendum aflaheimilda til fimmtán ára með mögulegri framlengingu til átta ára. Pottarnir nefnast strandveiðipottur, byggðapottur, leigupottur, línuvildunarpottur og bótapottur. Áætlað er að allt að 15 prósent þorskígilda verði í lok fimmtán ára samningstímans í flokki tvö. Þá gilda sérreglur um þorsk, ýsu, ufsa og steinbit. Til að mynda mun allt að helmingur aflaheimilda þorsks á hverju fiskveiðiári umfram 160 þúsund tonn renna í pottakerfið.


Hafrannsóknastofnun kynnti í

Upphaflegar tillögur og endanleg lög

Veiðigjaldið á útgerðina - prósent af framlegð



Þorskígildistonn í kvótapotti sjávarútvegsráðherra



SIJAVARÚTVEGUR Litla kvótafrumvarpið svokallaða varð að lögum á laugardag. Hið stóra biður hins vegar haustsins.

vikunni spá sína um vöxt þorsstofnsins næstu fimm árin. Þar var því spáð að aflamark þorsks árið 2016 gæti numið allt að 260 þúsund tonnum. Verði sú spá að veruleika gætu þannig hátt í 50 þúsund tonn af þorski bæst við í pottana.

Í stóra frumvarpinu er gert ráð fyrir meiri hækun veiðigjalds en í því litla, eða í 19 prósent af framlegð. Þá verður veiðigjaldinu skipt milli ríkissjóðs, sjávarbyggða og

þróunar- og markaðsmála í sjávarútvegi. Loks er veðsetning aflaheimilda bönnuð og framsal á þeim verulega takmarkað.

Slagsmál í haust?

Breytingarnar sem ríkisstjórnin hyggst gera á stjórn fiskveiða með stóra frumvarpinu eru mun umfangsmeiri en þær sem fylgja litla frumvarpinu. Sé tekið mið af því hve hörð umræðan um litla frumvarpið hefur verið undanfarnar vikur má því gera ráð fyrir að haustið verði síst rólegra í þjóðmálaumræðunni. Það er þó ólíklegt að stóra frumvarpið verði borið undir atkvæðagreiðslu í þinginu óbreytt þegar þar að kemur. Unnið verður að því í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd þingsins í sumar auk þess sem von er á mati hagfræðinganefndar undir forystu Axels Hall á hagrænum áhrifum þess. Líklegt má því telja að frumvarpið gangi í gegnum talsverðar breytingar áður en það verður að lögum, ef það þá verður það.


magnusl@frettabladid.is

SIEMENS

Nú eru allar ryksugur frá Siemens og Bosch á tilboðsverði.

Littu inn og gerðu góð kaup!

Umboðsmenn um land allt.



SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Ýmis frumvörp að lögum á lokadegi þingsins:

Þingnefndum fækkað

STJÓRNMÁL Alþingi lauk störfum fyrir sumarleyfi á laugardag. Nokkur frumvörp urðu að lögum á síðustu klukkustundum þingsins, þar á meðal frumvarp um breytingar á þingsköpum sem kveður meðal annars á um fækkun fastanefnda þingsins úr tólf í átta.

Breytingunum á þingsköpum er ætlað að styrkja eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdarvaldinu. Verkefni fastanefnda verða þannig ekki bundin við ráðuneytin eins og verið hefur, heldur verður þeim skipt niður eftir vinnuálagi.

Fastanefndir þingsins eru því nú allsherjar- og menntamálanefnd, atvinnuveganefnd, umhverfis- og samgöngunefnd, fjárlaganefnd, velferðarnefnd, efnahags- og viðskiptanefnd og loks stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd.

Breytingunum er einnig ætlað að auðvelda stjórnarandstöðunni



ALÞINGI Þingið lauk störfum að vori á laugardag.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

hverju sinni að koma málum á dagskrá.

Meðal annarra frumvarpa sem urðu að lögum á laugardag má nefna bandorminn svokallaða um ráðstafanir í ríkisfjármálum og frumvarp um framlengingu gjaldveyrishafta fram á haust. Þá voru Icesave-lögin frá sumri 2009 fell úr gildi en þau kváðu á um heimild fjármálaráðherra til að greiða Bretum og Hollendingum Icesavekröfur sínar.

- mþl

Vandaðar og öruggar vörur á góðu verði

Allt í sjósportið

á einum stað



Talstöðvar
VHF bátatalstöðvar
frá kr.
34.300 kr.



Vatnshelt MP3
hulstur
og vatnsheld
heyrnatól
6.390 kr.



NACR SOLAS
strobe
á björgunarvesti
13.250 kr.



Sjóskiði
og blöðrur
í úrvali



Navisafe
díóðu köfunar-vasaljós
4.400 kr.



Rock oil MP3
Sport 1
tvígengisolía, á
besta verði
**1.695 kr.
pr.liter**



Þurr gallar
GUL shadow þurr gallar
m/öndun
64.900 kr.
Skór, hanskar og hettur
í úrvali



Björgunarvesti 100N
7.900 kr.



Aquatic kayakvesti
Vasi fyrir neyðarblys, vatnspoka
(camelbag), strobe-festing og fjöldi
annara geymslumöguleika
21.720 kr.



Seago Automatic
uppblásanlegt björgunarvesti
40-140kg
17.900 kr.
Einnig barnavesti 20-40kg

Mullion alvöru
flotvinnugallar
29.900 kr.



Seago lífbjörgunarbatúr
fyrir skemmtibáta
3 ára skoðunartíðni, 12 ára ábyrgð
Verð frá
159.900 kr.
Fást í hylki eða tösku



Krakka blautgallar
Vandaðir krakka blautbúningar
frá GUL
Verð: 12.900 kr.
Einnig skór, hanskar og hettur

Fjallabúnaður frá Ítalíu
á ótrúlega hagstæðu verði
Mannbroddar, Alpin Tour ísexir, fjalla- og
klifurhjálmar, Discovery öryggisbelti

Notaðir
bátar til sölu
uppl. á staðnum

Viðgerðarþjónusta á gúmmibátum og göllum

G&G Gúmmibátar
& Gallar

Sjósport

Thunder
RACING  Cat

Súðavogi 42 (gegnt afleggjara að Snarfara) • 571 1020 • www.sjosport.is
Opíð virka daga frá kl. 14 - 19 • laugardaga frá kl. 10 - 14



- 1 Hver var formaður rannsóknarnefndar Þjóðkirkjunnar?
- 2 Hver er forseti ESA, eftirlitsstofnunar EFTA?
- 3 Hver leikstýrir gamanþættinum Tríói sem sýndur er í ríkissjónvarpinu?

SVÖR

1. Róbert R. Spand 2. Per Sandurud
3. Gestur Valur Svansson

Miklar breytingar á unglingsdrykkju síðan árið 1995 samkvæmt nýrri rannsókn:

Mun færri unglingar drekka áfengi

SAMFÉLAGSMÁL Áfengisneysla 15 til 16 ára íslenskra unglinga hefur minnkað mikið síðustu sextán árin. Árið 1995 neytti meirihluti nemenda í 10. bekk áfengis en árið 2011 drakk minnihlutinn áfengi.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá Háskólanum á Akureyri um niðurstöður evrópsku vímuefnarannsóknarinnar ESPAD. Rannsóknin náði til rúmlega 80 prósent íslenskra skólanema í ár.

Árið 1995 höfðu 64 prósent unglinga á þessum aldri orðið drukkin en í ár er hlutfallið komið niður í 24 prósent. Árið 1995 höfðu 56



UNGLINGAR Um 75 prósent unglinga í 10. bekk hafa aldrei orðið drukkin. Myndin er úr safni. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

prósent drukkið áfengi á síðustu 30 dögum en hlutfallið er komið niður í 18 prósent í ár. Aðgengi nemenda að áfengi hefur minnkað en viðhorfið til daglegrar áfengisneyslu mildast. Unglingar virðast hafa mun minna aðgengi að áfengi nú en áður, en virðast eiga mun auðveldara með að nálgast bjór en aðrar áfengistegundir. Á þessu sextán ára tímabili hefur aðgengi unglinga breyst frá því að árið 1995 töldu sex af hverjum tíu það mjög auðvelt að verða sér úti um bjór, en á þessu ár töldu aðeins þrjú af hverjum tíu á þessu ári. - sv

Vændiskonur eru þunglyndar:

Nær allar vilja hætta störfum

DANMÖRK Nær allar, eða 94 prósent, kvennanna sem stunda götuvændi í Danmörku vilja hætta því. Þær sem stunda vændi á sérstökum vændisstofum og þær sem eru fylgdarkonur vilja flestar halda starfsemi sinni áfram, samkvæmt nýlegri könnun.

Í fyrra var nær helmingur þeirra sem stunda götuvændi beittur ofbeldi en erlendar konur eru í meirihluta götuvændiskvennanna. Helmingur vændiskvennanna segist þjást af þunglyndi og svefntruflunum. - ibs

Börnin hvött til að segja frá

Nýtt verkefni heilsugæslunnar upplýsir grunnskólabörn um kynferðislega misnotkun. Áhersla á að börn viti að misnotkun sé röng, þau geti sagt nei og eigi að segja frá. Verkefnið hefur fengið jákvæð viðbrögð.

FRÉTTASKÝRING

Hvernig er opinberum forvörnum við kynferðisofbeldi gegn börnum háttað?

Í nýútkominni skýrslu Unicef um stöðu barna á Íslandi var orðum vikið að kynferðisofbeldi gegn börnum. Í skýrslunni segir meðal annars að í þessum málaflokk sé ekkert formlegt forvarnastarf skipulagt af opinberum aðilum, heldur sé það á forræði ýmissa félagasamtaka. Blátt áfram og Stígamót eru sérstaklega nefnd í því tilliti.

Margrét Héðinsdóttir, hjúkrunarfræðingur á Þróunarstofu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, segir það hins vegar ekki rétt. Öll börn í 6. bekk grunnskóla fái kynþroskafræðslu og heilsugæslan hafi um árabíl staðið fyrir fræðslu fyrir foreldra fjögurra ára barna um kynferðislegt ofbeldi.

„Nú erum við einnig að vinna að því að efla þessa fræðslu og stefnum að því að ljúka því starfi næsta vetur,“ bætir Margrét við.

Heilsugæslan hóf í janúar síðastliðnum forvarnarverkefnið *Líkaminn minn*, fyrir nemendum í fyrsta bekk grunnskóla landsins.

„Tilgangur fræðslunnar er að upplýsa börnin um ofbeldi og hvetja þau til að segja frá, en það er

ekki okkar hlutverk að gerast meðferðaraðilar eða yfirheyra börnin um einstök mál,“ segir Margrét.

Fræðslan fer fram með þeim hætti að tveir hjúkrunarfræðingar vinna með fimm til sjö börnum í einu.

„Við skoðum saman bókina *Þetta er líkaminn minn*, sem öll fjögurra ára börn fá frá Barnaheillum, og lesum svo dæmisögu. Þar nota börnin sértalbúna púða til að tjá ákveðnar tilfinningar sem koma fram í sögunni.“

Lykilmarkmið með verkefninu er að gera börnunum ljóst að þau eigi sinn líkama sjálf og misnotkun sé alltaf röng og ekki þeirra sök. Þau megi segja nei og eigi að segja frá ef þau verða fyrir óþægilegri reynslu.

Verkefnið á sér átta ára forsögu og segir Margrét að það hafi mælst afar vel fyrir jafnt hjá fagfólki sem foreldrum og börnum. Alls hafi nú 120 skólahjúkrunarfræðingar frá skólum um allt land sótt námskeið hjá heilsugæslunni vegna þess.

„Við höfum fengið afar góðar móttökur og erum mjög spennt fyrir framhaldinu. Ég veit meðal annars til þess að í mörgum skólum hafa hjúkrunarfræðingar farið með efnið í yngstu þrjá bekk grunnskóla. Svo hef ég líka fengið fyrirspurnir um hvort hægt sé að



TILFINNINGAPÚÐAR Margrét Héðinsdóttir með púðana sem börn nota til að tjá tilfinningar í forvarnarkerfinu Líkaminn minn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ofbeldi á Íslandi

- Samkvæmt nýjustu rannsóknunum eiga tæplega 13 prósent íslenskra stúlkna undir 18 ára aldri á hættu að verða fyrir kynferðislegu ofbeldi og 2,8 prósent drengja á sama aldri.
- 430 tilkynningar varðandi kynferðisofbeldi bárust barnaverndarnefndum árið 2010. Það er viðlíka fjöldi og hefur verið síðustu fjögur árin.
- Síðustu fimm ár lauk 71 máli sem varðaði kynferðisofbeldi gegn börnum, með sakfelldingu fyrir dómi.

nota efnið í leikskólum. Þannig að fólk sér tvímælaust kosti efnisins.“

Margrét segist viss um að verk-

efnið Líkaminn minn verði héðan í frá að föstum liði í heilbrigðisfræðslu í öllum bekkjum grunnskóla. thorgils@frettabladid.is

Tveir menn ákærðir:

Tonni landað fram hjá vigt

DÓMSMÁL Tveir menn hafa verið ákærðir fyrir Héraðsdómi Reykjaness fyrir brot á reglugerð um vigtun og skráningu sjávarafla.

Annar mannanna er ákærður fyrir að hafa farið með rúmlega tonn af skötusel í tveimur fiskikörum fram hjá hafnarvog án þess að láta vigta aflann sem var úr skipinu Svölu Dís KE29. Í húsnæði Slægingarþjónustu Suðurnesja skildi hann 575 kíló eftir en lét síðan vigta afganginn.

Skipstjóri skipsins er ákærður fyrir að hafa ekki tryggt að ofangreindur afli færi á hafnarvogina í Sandgerðishöfn. - jss

125!ár af nýjungum

Stórstjarna Mercedes-Benz GLK

Kraftmikill sportjeppi gæddur skynvæddu fjöðrunarkerfi (Agility Control) og 4MATIC fjórhjóladrifsbúnaði.

Verð frá 8.250.000 kr. í veglegri afmælisútgáfu.

Mercedes-Benz
Aðeins það besta.



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

ÞÖKKUM FRÁBÆRA ÞÁTTÖKU



PRJÓNASAMKEPPNI HAGKAUPS

Gífurlegur áhugi var fyrir keppninni og bárust ríflega 300 flíkur í hana. Margar flíkur voru unnar af vandvirkni og metnaði og var því úr vöndu að velja. Það var sérstaklega gaman að sjá gróskuna og hugmyndaflugið í prjónaskapnum. Vinningshafar:

FATNAÐUR

1. sæti: Margrét Halldórsdóttir - Þjóðbjörg, hneppt dömupsa prjónuð úr Einbandi á fína prjóna
2. sæti: Guðbjörg Níelsdóttir Hansen - Dínó, heil dömupsa úr Léttlopa
3. sæti: Bára Hlín Erlingsdóttir - Erika, hneppt barnakápa úr Álafosslopa

FYLGIHLOTIR

1. sæti: Sandra Jóhannsdóttir - Göngusokkar með tvöföldu stroffi
2. sæti: Steinvör Bjarnfríður Hlöðversdóttir - Handtaska prjónuð úr Álafosslopa
3. sæti: Anke Steiniger - Ankerskyr, tvöfaldir vettlingar úr Léttlopa

ÁHUGAVERÐAR FLÍKUR

FATNAÐUR

Jónína Jóhannsdóttir - Randalín, slá prjónuð úr Léttlopa

FYLGIHLOTIR

Björk Magnúsdóttir - Rósa risaeðla, barnahúfa sem er eins og risaeðla í laginu

MINNUM ÞÁTTAKENDUR Á

að sækja flíkur á skrifstofu Hagkaups í Holtagörðum



Starfsgreinasamband Íslands

Samkomulag við fjármálaráðherra

Póstatkvæðagreiðsla er hafin

Hafin er póstatkvæðagreiðsla um nýtt **Samkomulag Starfsgreinasambands Íslands við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.**

Atkvæðisrétt eiga allir félagsmenn aðildarfélaganna SGS sem vinna eftir þessum samningi og greiddu félagsgjöld til einhvers aðildarfélaganna í apríl/maí 2011.

Kjörgögn og kynningarefni hefur verið sent út samkvæmt kjörskrá.

Fái einhver sem telur sig eiga atkvæðisrétt ekki send kjörgögn, getur viðkomandi snúið sér til skrifstofu síns stéttarfélags, og fengið sig færðan á kjörskrá og greitt atkvæði, **enda leggi viðkomandi fram launaseðil** sem sanni afdregin félagsgjöld í apríl/maí 2011.

Tekið er við kjörskrárkærum samkvæmt framansögðu til kl. 12.00 miðvikudaginn 22. júní en þá lýkur atkvæðagreiðslu um samninginn.

Reykjavík, 6. júní 2011.
Kjörstjórn
Starfsgreinasambands Íslands

VELKOMIN Á BIFRÖST

Viðskiptafræði BS-BBA

– áhersla á nýsköpun og frumkvöðlastarf



Alhliða viðskiptanam sem ætlað er að búa nemendur undir ábyrgðar- og stjórnunarstörf í innlendu og alþjóðlegu samkeppnisumhverfi. Boðið er upp á allar helstu greinar viðskiptafræðinnar, fjármál, stjórnun og markaðsmál, auk almennra námsgreina.

Á Bifröst gefst nemendum kostur á að ljúka námi á skemmri tíma þar sem sumarnám er hluti reglulegs náms. Náminu má því ljúka á tveimur og hálfu ári.

Háskólinn á Bifröst býður einnig tvær námslínur í viðskiptafræði í fjarnámi. Nánari upplýsingar á bifrost.is.

Opið fyrir umsóknir
til 15. júní á bifrost.is



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Ók ölvaður og olli banaslysi í umferðinni:

Hæstiréttur þyngir dóm

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur þyngt dóm yfir karlmanni á fertugsaldri, sem var dæmdur í sex mánaða fangelsi í héraðsdómi fyrir manndráp af gáleysi á síðasta ári. Hæstiréttur þyngdi dóminn yfir honum í níu mánaða fangelsi.

Manninum var gefið að sök manndráp af gáleysi og umferðarlagabrot. Hann ók bifreið, sviptur ökurétti, undir áhrifum áfengis og án aðgæslu, yfir á rangan vegarhelming miðað við akstursstefnu með þeim afleiðingum að bifreiðin lenti þar í árekstri við aðra bifreið, sem kom úr gagnstæðri átt,

og ökumaður þeirrar bifreiðar lést við áreksturinn. Maðurinn gekkst við sök undanbragðalaust og játaði þær sakir sem bornar voru á hann í ákæru.

Við ákvörðun refsingar leit Hæstiréttur til þess að með stórkostlega háskalegri háttsemi sinni hefði maðurinn valdið dauða annars manns, en hinn dæmdi var mjög ölvaður þegar áreksturinn varð. Þá var einnig litið til sakaferils hans en hann hafði áður verið dæmdur fyrir að aka ölvaður og án ökuréttar. Hann hlaut sjálfur tölurverða áverka við slysið. -jss



Á ÞINGI Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir lagði fram fyrirspurn um EES og Össur hélt því fram að Ögmundur teldi ESB skárri kost en EES.

ESB er í senn betra og mun verra en EES

Innanríkisráðherra er mjög andvígur inngöngu í ESB en sér ákveðna kosti þar, sem ekki eru í EES. Utanríkisráðherra vill að þingmenn taki þátt í starfi Evrópuþingsins til að styrkja stöðuna innan EES.

EVROPUMÁL Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra telur nokkur sannindi í því að aðild að Evrópusambandinu sé skárri en EES-samstarfið ef einblínt er á þá aðkomu að upplýsingum og að ákvarðanatöku, sem í fyrri kostinum felst.

„En sé litið til grundvallarhagsmuna þjóðarinnar, auðlindanna og þá sérstaklega sjávarauðlindarinnar, og möguleika okkar á að skipuleggja landbúnaðinn og þjóðfélagið almennt, þá setur ESB okkur miklu þrengri skorður en EES. Ég er mjög andvígur aðild Íslands að Evrópusambandinu og í vaxandi mæli með efasemdir um EES, ekki síst vegna þess hve miklar hömlur samningurinn setur á lýðræðið og möguleika okkar til að stýra okkar nærumhverfi,“ segir hann. Ögmundur leggur þó ekki til að Ísland hætti í EES.

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra hélt því fram á þingi á miðvikudag að Ögmundur teldi ESB skárri kost en EES, þegar Össur ræddi þessi mál í framhaldi af fyrirspurn frá Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur þingmanni. Þorgerður hafði spurt hvort Össur vildi gera ítarlega úttekt á EES-samningnum eins og Norðmenn.

Össur neitaði því, enda hefðu Íslendingar ákveðið að „sneida hjá ágöllum EES-samningsins“ með öðrum hætti en Norðmenn, nefnilega með því að sækja um aðild að ESB. Þá væri ekki langt síðan skýrsla hefði verið gerð um stöðu Íslands í Evrópu, þar sem fjallað var um galla EES.

„Þeir [ágallar] eru enn í fullu gildi,“ sagði Össur.

